



Reglugerð um sérstök atvik sem valda lokum keppni

Ef ekki tekst að ljúka mótum á vegum HSÍ s.s. vegna þess að ytri aðstæður og/eða fyrirmæli stjórnvalda hindra framkvæmd leikja, þá gilda eftirtaldar grunnreglur:

1. grein

Íslandsmót HSÍ

- 1.1. Ef öll lið í úrvalsdeild og 1. deild hafa ekki náð að leika að lágmarki 2/3 leikja sinna í Íslandsmóti, er Íslandsmótið fellt niður án þess að krýndir verði deildarmeistarar eða Íslandsmeistarar. Í slíkum tilfellum verður engin tilfærsla á milli deilda á því keppnistímabili.
- 1.2. Takist ekki að ljúka deildarkeppni en öll lið í úrvalsdeild og 1. deild ná að leika að minnsta kosti 2/3 leikja sinna, skal krýna efsta liðið í hverri deild deildarmeistara en Íslandsmeistarar eru ekki krýndir. Hafi lið leikið mismunandi marga leiki skal miða við besta árangur liðs að teknu tilliti til leikjafjölda (meðaltal stiga í leik en að öðru leyti gildir 2.-7. tl. 20. gr reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót).
- 1.3. Deildarkeppni karla og kvenna er metin sjálfstætt í liðum 1.1 og 1.2.
- 1.4. Stjórn HSÍ hefur heimild til að breyta fyrirkomulagi úrslitakeppni eftir aðstæðum, til dæmis með fækkun leikja.
- 1.5. Miða skal við Íslandsmóti ljúki aldrei síðar en í lok júní ár hvert.
- 1.6. Ef Íslandsmót fellur niður þá skal miða útdeilingu Evrópukeppnissæta við síðasta heila keppnistímabil. Að öðrum kosti gildir regla í 22. gr. reglugerðar um handknattleiksmót.

2. grein

Vinningsröð liða ef miða á við Evrópukeppnisfyrirkomulag

1. Stigasöfnun

Lið vinnur sér inn stig sem hér segir:

- a) sigur, 2 stig
- b) jafntefli, 1 stig
- c) tap, 0 stig

2. Vinningsröð liða

Stigahærra liðið eftir tvo leiki í keppninni heldur áfram. Ef liðin hafa jafnmörg stig eftir tvo leiki (ath ekki skal leikin framlenging), skal vinningsröð liða ákveðin í þessari röð:

- a) markamismunur
- b) fleiri mörk skoruð á útivelli
- c) vítakastkeppni

Farið skal eftir leikreglum HSÍ og IHF um framkvæmd vítakastkeppni.



3. grein

Bikarkeppni HSÍ, meistaraflokkur karla og kvenna

- 3.1. Takist ekki að ljúka bikarkeppni að fullu verða engir bikarmeistarar krýndir.
- 3.2. Stjórn HSÍ er heimilt að færa bikarkeppni að öllu leyti eða að hluta yfir á næsta keppnistímabil í sérstökum tilfellum eftir aðstæðum.
- 3.3. Ef bikarkeppni fer ekki fram færast Evrópukeppnissæti til efsta liðs í deildarkeppni án slíks sætis.

4. grein

Keppnir yngri flokka HSÍ

- 4.1. Mótanefnd HSÍ skal gefa út reglur sem gilda í keppnum yngri flokka HSÍ ef ekki tekst að ljúka þeim mótum vegna utanaðkomandi aðstæðna. Þessar reglur skulu hafa ofangreindar reglur til hliðsjónar.

5. grein

Félagaskipti

- 5.1. Félagaskipti til og frá þeim liðum sem eru enn í keppni í júní verða ekki samþykkt og skráð af HSÍ fyrr en viðkomandi lið hafa lokið keppni þrátt fyrir að félagaskipti séu almennt heimil skv. reglugerð HSÍ um félagaskipti og samninga.
- 5.2. Tímabundin félagaskipti sem renna út áður en að lánslið lýkur keppni framlengjast sjálfkrafa fram yfir síðasta leik lánsliðs en þá munu leikmenn færast til baka í samningslið.

6. grein

Leikmannasamningar

- 6.1. Þau félög sem leika í maí og júní þurfa að vera með gildandi leikmannasamning við sína leikmenn þá sem áður og er aðilum heimilt að framlengja gildistíma þeirra til loka viðkomandi keppnistímabils. Ef leikmannasamningur rennur út áður en leiktímabil félags endar er félögum og leikmönnum heimilt að framlengja leikmannasamning með einfaldri tilkynningu til HSÍ.. Slík tilkynning þarf að vera samþykkt að hálfu leikmanns. Að öðrum kosti fellur leikheimild viðkomandi leikmanns niður án sérstakar tilkynningar.
- 6.2. Hafi leikmaður gert leikmannasamning við nýtt félag, þá getur gildistími þess samnings eigi hafist fyrr en eftir lok yfirstandandi keppnistímabils þrátt fyrir að félagskipti séu almennt heimil frá 1. júní ár hvert skv. reglugerð HSÍ um félagaskipti og samninga.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 57. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 7. maí 2021